

Velkomin(n) í samræmt könnunarpróf í íslensku fyrir 7. bekk 2017

Vinsamlegast svaraðu spurningunum eftir bestu getu. Þú getur fylgst með próftímanum efst í hægra horni prófheftisins. Athugaðu að prófið lokast sjálfkrafa að próftíma loknum.

Próftíminn er 1 klukkustund og 20 mínútur.

Gangi þér vel.

Lesskilningur 1

Ég hef aldrei verið hrifin af löngum bílferðum. Mér finnst grautfúlt að sitja á rassinum í marga klukkutíma og glápa á misgrá hraun og mishá fjöll út um rykuga rúðu. Ekki bætir úr skák að litlu bræður mínir, Tommi og Benni, eru svo háværir að maður verður helst að vera með eyrnatappa til að geta verið nálægt þeim. Enda var ég með hausverk þegar við loksins komum á áfangastað eftir sex tíma ferðalag.

Reyndar var önnur ástæða fyrir því að mér leið ekki vel. Frá því að ég var pínulítill hef ég heimsótt ömmu á hverju sumri í bústaðinn hennar í sveitinni og hvergi átt betri daga. En í þetta sinn var allt breytt. Nú tæki engin amma á móti okkur á pallinum, hlæjandi og veifandi, með gráa hárið eins og úfna heysátu á höfðinu. Ömmuhús var autt og tóm og ég kveið fyrir því að koma þangað.

Það var farið að kvölda en samt var Brekkubær baðaður sólskini þegar við renndum í hlað. Mamma drap á bílnum og sat um stund þegjandi og virti fyrir sér litla, rauða húsið. „Hún er með okkur í anda,“ sagði pabbi og strauk mömmu um hárið. Hún brosti, en mér fannst asnalegt að segja svona. Amma var hvergi nærri og þau vissu það jafn vel og ég.

Um leið og bræður mínir sluppu úr prísundinni tóku þeir á rás upp á næsta hól, en pabbi bað mig að hjálpa til við að bera inn farangurinn.

Það varð mér til happs hvað ég er mikill klaufi. Annars hefði ég ekki rekið tærnar í stein og dottið á hausinn með fangið fullt af drasli og þá hefði boltinn hans Benna ekki hoppað upp úr

pokanum sem ég missti. Þá hefði ég ekki þreifað undir pallinn eftir boltanum og ekki fundið skilaboðin frá ömmu.

„Mamma, sjáðu hvað ég fann!“ hvíslaði ég um leið og ég rétti fram lófann og sýndi henni nistið. Það var á stærð við fimmtíukall, skjöldótt og skítugt, en samt sást að á bakhliðina var grafið nafnið LILJA.

Mamma starði á nistið. Svo tók hún það milli fingra sér og opnaði það. Inn í því var mynd af brosandi unglingsstúlku með dökka lokka. „Amma Lilja,“ sagði ég og mamma kinkaði kolli hrærð. „Þetta nisti týndist fyrir meira en tuttugu árum,“ sagði hún. „Ég man hvað hún grét. Hún hafði fengið það í fermingargjöf frá ömmu sinni.“ Mamma lokaði nistinu og lagði það aftur í lófa mér. „Nú er þetta þín eign. Amma sendi þér það.“

Nistið er úr skíragulli og ég ber það alla daga. Nú eru í því tvær myndir af unglingsstúlkum: Ömmu Lilju, sem vill að ég muni að hún er alltaf hjá mér þótt ég sjái hana ekki lengur, og sjálfri mér, Lilju í Brekkubæ.

(Olga Guðrún Árnadóttir, 2001)

1. Hvers vegna kveið söguhetjan því að koma í Brekkubæ?

- A. Hún hafði nýlega misst ömmu sína sem bjó þar.
- B. Hún kveið fyrir að vera með bræðrum sínum þar.
- C. Amma hennar gat ekki tekið á móti þeim þessa helgina.
- D. Hún hafði engan til að leika við þar.

2. Hvers vegna er söguhetjunni svona illt í höfðinu?

- A. Hún hafði starað svo lengi út um gluggann.
- B. Hún fann fyrir bílveiki á leiðinni.
- C. Hún var ekki með eyrnatappa með sér.
- D. Ferðalagið hafði dregist á langinn.

3. Hvernig tengist sögumaður eiganda Brekkubæjar?

- A. Hún er dóttir eigandans.
- B. Hún er dótturdóttir eigandans.
- C. Hún er móðir eigandans.
- D. Hún er sonardóttir eigandans.

4. Brekkubær er ____ .

- A. dvalarheimili
- B. sveitabær
- C. sumarbústaður
- D. þorp

5. Hvað merkir „prísund“?

- A. fangelsi
- B. hamangangur
- C. troðningur
- D. þrengsli

6. Hvað gerði Lilja þegar komið var á leiðarenda?

- A. Bar inn pinkla með pabba.
- B. Fór að leita að týndum hlut.
- C. Hleypti strákunum úr prísundinni.
- D. Naut kvöldsólarinnar fyrir utan húsið.

7. „Mamma kinkaði kolli hrærð.“

Hvað þýðir þetta?

- A. Mamma fór næstum að gráta.
- B. Mamma var mjög forvitin.
- C. Mamma var mjög hrifin.
- D. Mömmu brá svolítið.

8. **Hvers vegna þótti ömmu vænt um nistið?**

- A. Hún hafði átt það lengi.
- B. Hún hafði leitað lengi að því.
- C. Hún ætlaði að gefa Lilju það.
- D. Myndin í því var mjög góð.

9. **Hver voru skilaboðin frá ömmu?**

- A. gamall fimmtíukall
- B. lítið hálsmen
- C. lítið sendibréf
- D. lítil ljósmynd

10. **Sagan gæti minnt okkur á að ___?**

- A. klaufar eru alltaf heppnir
- B. sorg og gleði geta farið saman
- C. það er alltaf sólskin í sveitinni
- D. það er óhollt að sitja lengi í bíl

Málnotkun 1

11. Ég var kominn góðan spöl niður brekkuna þegar við mættumst.

Í hvaða kyni og tölu er undirstrikaða orðið?

- A. karlkyni, eintölu
- B. kvenkyni, eintölu
- C. hvorugkyni, eintölu
- D. hvorugkyni, fleirtölu

12. Sérhver hlutur í eigu fólks á sér sína sögu.

Hvaða orðflokki tilheyrir undirstrikaða orðið?

- A. nafnorðum
- B. lýsingarorðum
- C. sagnorðum
- D. engu af þessu

13. Stundum er þessi saga hlutanna samfelld, þannig að þeir fylgja sömu fjölskyldu meðan þeir eru í notkun.

Hvaða orðflokki tilheyrir undirstrikaða orðið?

- A. nafnorðum
- B. lýsingarorðum
- C. sagnorðum
- D. engu af þessu

14. Almenníngur ætti að taka mark á viðvörunum sérfræðinga.

Í hvaða falli er undirstrikaða orðið?

- A. nefnifalli
- B. þolfalli
- C. þágufalli
- D. eignarfalli

15. Einhver verður að reka lestina.

Hvað merkja undirstrikuðu orðin?

- A. fara í öftustu lestina
- B. reka kýrnar
- C. vera síðastur
- D. ýta á lestina

Lesskilningur 2

Eins og með margar aðrar stórmerkar uppfinningar deila menn um hvar í veröldinni fyrsta klukkan var smíðuð. Sumir segja að fyrsta stjörnuúrið sem smíðað var í Kína á 11. öld hljóti að teljast fyrsta klukkan. En það er ekki víst. Kínverska stjörnuúrið var sannarlega listasmíð en byggði á hugmyndinni um vatnsúrið en vatnsbuna mældi þar gang tímans.

Klukkan sem smíðuð var í Evrópu á miðöldum var hugsuð á annan hátt. Rétt eins og í Kína létu menn haka stjórna gangi úrverksins. En það var lóð sem dreif gangverkið áfram, þungi sem ýmist var meiri eða minni. Frost hafði því engin áhrif á evrópska gangverkið en vatnsúrin þoldu það ekki.

Lóðin í klukkunni drifu gangverkið í henni og gangverkið færði tímamælinn til á skífu. Þetta voru einmitt nýmælin; með hreyfingu lóðanna mátti mæla tímann og það voru tækninýjungar nýju klukkunnar. Tíminn var mældur með hreyfingu upp og niður eða fram og til baka í stað þess að styðjast við vatnsbunu eða sand eins og í eldri tímamælum.

Fyrsti klukkusmiðurinn sem getið er í heimildum var Englendingurinn Ríkharður af Wallingford og lauk hann við smíðina 1336. Hann skrifaði nákvæmar lýsingar á klukku sinni og starfsemi hennar og hefur mátt notast við þær við smíði á klukkum á okkar tímum. Á síðari hluta 14. aldar barst uppfinning Wallingfords um Evrópu.

Munkar héldu þróun klukkunnar áfram í klaustum Evrópu en þar var stundvísi dyggð og nauðsyn. Guðspjónustur urðu að fara fram á hárréttum tímum dags og nætur en á nóttunni var auðvitað ekki hægt að nota sólúr.

Menn settu síðar klukkur í turna á aðaltorgum borga og bæja og allur almenningur reiddi sig á þær. Þær voru kannski ekki alveg réttar og nákvæmar en sennilega varð hlutur þeirra í samfélaginu æ meiri og nauðsynlegri á 16. og 17. öld.

Þegar klukkurnar urðu betri og nákvæmari jókst notkun þeirra og hlutverk í daglegu lífi manna. Með klukkum var vinnutími fólks mældur nokkuð nákvæmlega, fyrst í námum og vefnaðarverksmiðjum.

Smám saman varð klukkan nauðsynleg á fleiri sviðum samfélagsins. Lewis Mumford er hagsagnfræðingur og telur klukkuna einhvern mikilvægasta þáttinn í iðnbyltingunni á Englandi á 18. öld. Með klukkunni var hægt að líta á tímann sem hverja aðra vöru sem gekk kaupum og sölum. Með henni jókst líka krafan um aukin afköst. Í iðnaðarsamfélaginu rannsökuðu menn hvernig best væri að nýta vinnutímann og orðatiltækið „tíminn er peningar“ varð til.

En mönnum mislíkaði valdið sem klukkan hafði á lífi þeirra og störfum og mótmæltu hástöfum. Kannski er það einmitt þess vegna sem margir taka af sér úrin og líta sjaldan á klukku í fríum og á helgidögum, þannig finnst þeim þeir kannski frjálsari og sínir eigin herrar.

(Úr: Sagan öll, nr. 3, 2010)

16. Deilur manna um uppruna klukkunnar snúast um ? .

- A. hvar hún var gerð
- B. hver bjó hana til
- C. hvernig hún var gerð
- D. hvers vegna hún var búin til

17. Hvers vegna er talinn vafi leika á að kínverska klukkan sé fyrsta klukka sem smíðuð var?

- A. Heimildir eru óljósar um smíði hennar.
- B. Hún þótti ekki þægileg í notkun.
- C. Smíði hennar byggist á öðrum hugmyndum.
- D. Vatnsbuna þykir ekki öruggur tímamælir.

18. Hverjar voru helstu framfarir með evrópsku klukkunni?

- A. Farið var að nota skífu til að sýna tímann.
- B. Í stað vatnsbunu voru notuð lóð.
- C. Lóðin hreyfðust nú fram og aftur en ekki upp og niður.
- D. Nú þurfti ekki að reiða sig á stjörnurnar.

19. Hvaða galli var augljós á kínversku klukkunum?

- A. Of mikið var lagt upp úr útliti þeirra beggja.
- B. Þyngd lóðanna var mismunandi.
- C. Þær voru of dýrar í framleiðslu.
- D. Þær þoldu ekki mikinn kulda.

20. „Lóðin í klukkunni drifu gangverkið í henni...”

Hvað merkir undirstrikaða orðið?

- A. hringdu
- B. knúðu
- C. lyftu
- D. stöðvuðu

21. Þegar lóðin komu til sögunnar var tíminn
mældur með ? .

- A. haka
- B. hreyfingu
- C. rennsli
- D. sandi

22. Hvaða klukkusmíði er undirstaða klukkugerðar í dag?

- A. kínverskt vatnsúr
- B. klukka Ríkharðs
- C. sólarúrið
- D. stjörnuúrið

23. Hvað breyttist meðal annars í kjölfar
iðnbyltingarinnar?

- A. Klukkan mældi vinnutíma fólks.
- B. Peningar voru teknir í notkun.
- C. Rannsóknir á vinnutíma jukust.
- D. Vinnuafköst jukust lítilsháttar.

24. Hvers vegna mislíkaði sumum klukkan?

- A. Fólk fékk styttra sumarfrí.
- B. Fólk upplifði mikinn þrældóm.
- C. Fólk fannst það vera bundnara.
- D. Fólk var skipað að vinna meira.

25. Um hvað er textinn?

- A. gerð nútímaklukkunnar
- B. tilurð og sögu klukkunnar
- C. uppfinningar iðnbyltingarinnar
- D. þróun vatnsúranna

Málnotkun 2

26. Færð fer versnandi um allt land.

Í hvaða falli er „færð“?

- A. nefnifalli
- B. þolfalli
- C. þágufalli
- D. eignarfalli

27. Nú eru öll sund lokuð.

Orðtakið er komið úr ? .

- A. hernaði
- B. íþróttum
- C. landbúnaði
- D. sjómennsku

28. Hvaða orðflokkur segir okkur hvenær eitthvað gerist?

- A. lýsingarorð
- B. nafnorð
- C. sagnorð
- D. smáorð

29. Hvernig er svartur hrafn í fleirtölu eignarfalli?

- A. svarta hrafna
- B. svörtum hröfnum
- C. svartra hrafna
- D. svertra hrafna

30. Merktu við orðið sem er í kvenkyni.

- A. rafeind
- B. rekald
- C. snuð
- D. taktur

Lesskilningur 3

Matarlyktin kemur á móti Þorgeiri þegar hann opnar dyrnar heima. Það er ekki um að villast, kjötbollur með sósu úr hunangi og heppni. Mamma notar aðrar sósuuppskriftir en amma en þessi er ekkert síðri. Ömmu finnst hún líka æðisleg. Hún er mætt í mat og hefur kaffært bollurnar sínar í sósu. Þorgeir ætlar að sleppa því að skora á hana í átkeppni að þessu sinni.

Hann virðir mömmu sína vandlega fyrir sér þegar hún hellir vatni í glasið hans til að athuga hvort hún hafi breyst eitthvað en hún er alveg eins og hún á að sér að vera, kannski að hárið sé samt örlítið betur greitt en venjulega. Ekki er laust við að Þorgeir verði fyrir vonbrigðum en hann reynir þó að láta á engu bera. Hann fær líka um annað að hugsa þegar hann tekur eftir því að amma er með appelsínugulu armböndin sín. Þá stendur alltaf eitthvað til.

„Ertu að fara eitthvað fínt?“ spyr Þorgeir.

„Nei, nei, ég ætla bara að vera hér í kvöld. Það er alveg nógu fínt fyrir mig,“ svarar amma.

„Okkur finnst líka gaman að fá þig í heimsókn,“ segir Ísak.

„Það er gott að heyra,“ segir amma. „Hvernig líður þér svo? Ertu búinn að jafna þig eftir slysið í gærkvöldi? Heldurðu að þú verðir ekki orðinn eins og nýsleginn túskildingur fyrir næsta leik?“

„Þótt ég yrði eins og nýsleginn túnfiskur þá ætla ég aldrei aftur að spila handbolta eða taka þátt í neinum öðrum íþróttum,“ segir Ísak og horfir beint í augun á ömmu sem leggur hissa frá sér hnífinn og gaffalinn. „Hvað áttu við? Ætlarðu að hætta núna?“

Bara rétt sisvona? Eru ekki allir krakkar í íþróttum nú til dags, að minnsta kosti þau sem ekki læra á hljóðfæri.“

„Svona, mamma,“ segir mamma. „Ef Ísak vill ekki vera í íþróttum, þá látum við það gott heita. Svo þarf maður ekkert alltaf að vera að keppa. Íþróttir geta verið mjög skemmtilegar án þess.“ [...]

„Það sem einhverjum frægum fótboltaköllum í útlöndum finnst gaman finnst mér ekkert endilega gaman og ég er hættur í handbolta fyrir fullt og allt,“ segir Ísak.

„Allt í lagi, allt í lagi,“ segir amma. „Ég skil þetta samt ekki. Ég hélt þér þætti svo gaman.“

Nú verður ömmu um og ó. „Var það þess vegna sem þú varst alltaf að meiða þig?“

„Já!“ segja Ísak, mamma og Þorgeir öll í einu.

„En voðalegt! Sæunn ... af hverju ...?“ Amma ætlar að spyrja að einhverju en kemur ekki upp orði. „Æi, Ísak minn, komdu, elsku kallinn minn. Fyrirgefðu!“ [...]

Þegar amma og Ísak eru sest aftur segir mamma: „Jæja, héðan í frá lofa allir í þessari fjölskyldu að vera hreinskilnir hver við annan. Ef einhver vill ekki eitthvað verður hann að segja frá því sem fyrst.“

„Ég vil ekki borða lifur,“ segir Ísak strax.

„Þessi regla gildir ekki um matvændni,“ segir mamma brosandi.

Allt í einu fer hjartað í Þorgeiri að berjast um eins og það vilji sleppa út. Hann veit að hann verður að spyrja hvað sem á eftir að gerast: „Það er eitt sem ég vil ekki,“ segir hann og dregur djúpt andann. „Ég vil ekki eiga engan hund.“

(Gerður Kristný, 2006,
Land hinna týndu sokka)

31. Amma og Þorgeir hafa keppt í ____ .

- A. kjötbolluáti
- B. matreiðslu
- C. sósukeppni
- D. vatnsdrykkju

32. Hvers vegna varð Þorgeir fyrir örlitlum vonbrigðum með mömmu?

- A. Hún brosir ekki eins og áður.
- B. Hún er eins og vanalega.
- C. Hún hefur gleymt að greiða sér.
- D. Sósan er ekki nógu bragðgóð.

33. Hvað finnst Þorgeiri benda til að amma hans sé að fara eitthvað fínt?

- A. Hár hennar er vel greitt.
- B. Hún er uppáklædd.
- C. Það liggur vel á henni.
- D. Skartgripir hennar.

34. Hvað finnst móðurinni um að Ísak ætli að hætta í íþróttum?

- A. Hún virðir sjónarmið hans.
- B. Hún tekur heils hugar undir það.
- C. Hún hvetur hann til að halda áfram.
- D. Henni finnst ákvörðunin ekki tímabær.

35. Hvers vegna hafði Ísak stundað íþróttir?

- A. Hann vildi keppa á mótum.
- B. Íþróttir eru skemmtilegar.
- C. Ömmu fannst það gaman.
- D. Hann er góður í handbolta.

36. Af hverju var Ísak alltaf að meiða sig í íþróttum?

- A. Andstæðingarnir voru slæmir.
- B. Hann var ekki nógu góður.
- C. Hann var svo óheppinn.
- D. Til að losna við þær.

37. Hvað þýðir að vera hreinskilinn?

- A. Að vera ákveðinn.
- B. Að vera einlægur.
- C. Að vera hjálpfús.
- D. Að vera hreinlátur.

38. Hvernig persóna er amman?

- A. kappsöm
- B. kærulaus
- C. ósanngjörn
- D. hæglát

39. Hve margar kynslóðir eiga sér fulltrúa í sögunni?

- A. 1
- B. 2
- C. 3
- D. 4

40. Hvaða tilfinning er ríkjandi á heimilinu?

- A. eftirlæti
- B. hlýja
- C. ráðríki
- D. tortryggni

Málnotkun 3

41. Ég hlakka til útreiðartúranna í sumar.

Í hvaða falli er undirstrikaða orðið?

- A. nefnifalli
- B. þolfalli
- C. þágufalli
- D. eignarfalli

42. „Vorvindar glaðir glettnir og hraðir“ syngja börnin.

Hvaða orðflokki tilheyrir undirstrikaða orðið?

- A. nafnorðum
- B. lýsingarorðum
- C. sagnorðum
- D. engu af þessu

43. Litli snáðinn keypti tvo lítra af mjólk.

Í hvaða kyni og tölu er undirstrikaða orðið?

- A. karlkyni eintölu
- B. karlkyni fleirtölu
- C. kvenkyni eintölu
- D. kvenkyni fleirtölu
- E. hvorugkyni eintölu
- F. hvorugkyni fleirtölu

44. Hann á það til að ýkja.

Hvað merkir undirstrikaða orðið?

- A. Hann er skreytinn.
- B. Hann er skemmtilegur.
- C. Hann segir fréttir.
- D. Hann segir gamansögur.

45. Ég fékk bréf frá ? .

Hvernig er Jón Egill í þágufalli?

- A. Jón Agla
- B. Jóni Agli
- C. Jón Egil
- D. Jóni Egili

Lesskilningur 4

Þetta byrjaði allt saman á sunnudagsmorgni í ágúst. Ég sat á Silfurtorginu heima á Ísafirði og var að borða volga kringlu úr bakaríinu. Ísfirskar kringlur eru í miklu uppáhaldi hjá mér og pabba. Hann lét meira að segja senda okkur frosnar kringlur til Svíþjóðar þegar við bjuggum þar. Og þótt það væri mánuður síðan við fluttum til Ísafjarðar (komum heim eins og pabbi orðaði það) þá héldu kringlurnar áfram að vera jafn spennandi.

Þennan morgun hafði ég drifið mig í sund. Ég var ákveðin í að komast í keppnislið sundfélagsins og þurfti þess vegna að koma mér í almennilegt form eftir sumarfríð. Síðan ég byrjaði að æfa sund hefur mig dreymt um að keppa – og vinna – á Íslandsmóti fyrir Ísafjörð. Ísafjörður hefur alltaf verið bærinn minn þó að ég hafi bara átt heima hérna í tvö ár þegar ég var lítil. Kannski er það vegna þess að pabbi er alinn upp hér og það var hérna sem hann fann mömmu mína.

Ég er ekki að reyna að vera skáldleg þegar ég segi þetta. Pabbi fann mömmu niðri í fjöru, meðvitundarlausu og hætt komna af ofkælingu. Mamma mundi ekki hvaðan hún kom, hvað hún hét eða hver hún var yfirleitt. Það vakti auðvitað mikla athygli, „minnislaus ung kona finnst í fjöru“, það var eins og í bestu sápuóperu. Enda var víst varla um annað talað fyrst á eftir. Dagblöðin fylgdust líka vel með málinu og áður en við fluttum hingað fór ég á Landsbókasafnið og las gömlu greinarnar um hana. Pabbi og mamma höfðu auðvitað sagt mér frá þessu, en það var allt öðruvísi að lesa um þetta í blöðunum. Þar voru alls konar kenningar um hver hún væri. Sumir héldu að hún hefði dottið útbyrðis af einhverju skipi, aðrir að hún væri ólöglegur

innflytjandi. Einhverjir héldu því fram að hún væri álfkona og það voru meira að segja nokkrir vissir um að hún væri geimvera.

Flestar greinarnar birtust í vikunni sem hún fannst en nokkrar voru skrifaðar seinna. Síðasta blaðagreinin sem ég las fjallaði um hvernig mömmu hefði tekist að venjast lífinu á Íslandi.

Fyrirsögnin var „Huldukonan finnur hamingjuna“ og undir henni var stór mynd af pabba, mömmu og smábarni (mér) fyrir framan flugstöðina. Þau voru á leiðinni til útlanda í framhaldsnám. Ég tók eftir því að blöðin kölluðu mömmu alltaf huldukonuna en það höfðu pabbi og mamma ekki sagt mér. Kannski fannst þeim það asnalegt, því mamma tók sér nafnið Hulda Ægisdóttir.

Ég sat sem sagt á torginu þegar mig langaði allt í einu að hjóla út úr bænum. Það er reyndar ekki alveg rétt. Mig langaði ekki beinlínis til þess, það var meira eins og eitthvert ósýnilegt afl bæði togaði í mig og ýtti mér af stað. Ég hjólaði inn í botn fjarðarins og út með honum hinumegin án þess að vita hvert ég væri að fara. Ég var komin fram hjá flugvellinum þegar ég nam loksins staðar, henti frá mér hjólinu og klöngraðist niður bratta brekku alveg niður í fjöru. Mér heyrðist einhver kalla á mig en þegar ég stoppaði til að hlusta heyrði ég ekkert nema úið í æðarfuglinum og lágvært öldugjálfur.

Ég settist á stóran stein og kastaði mæðinni. Þá áttaði ég mig á því hvar ég var. Það var hér sem mamma fannst. Þetta var víkin sem öll blöðin höfðu birt myndir af. Það sést ekki niður í hana frá veginum og klettarnir báðum megin skýla henni líka. Uppi í brekkunni er stór aflangur steinn sem stendur beint út í loftið og bendir út á sjó. Mér fannst hann vera að segja mér eitthvað þótt

ég gæti ekki skilið hvað það væri. Í fjöruborðinu er annar steinn sem bendir í sömu átt. Ég steig upp á hann og horfði í kringum mig. Hafflöturinn var rennisléttur og loftið undarlega kyrrt. Það var eins og öll veröldin syngi seiðandi lágværan söng sem smaug inn í hugann. Mér fannst eins og sjórinn togaði í mig svo ég gekk af stað og óð beint út í. Ég fór á kaf en varð ekki blaut. Svo varð allt svart.

*(Harpa Jónsdóttir, 2002,
Ferðin til Samínraka)*

46. Hvað hefur stúlkan fyrir stafni í upphafi sögunnar?

- A. Hún er á leiðinni heim til sín.
- B. Hún nýtur þess að slaka á.
- C. Hún skipuleggur daginn.
- D. Hún skoðar sig um á Ísafirði.

47. Stúlkan í sögunni er ____ .

- A. fífl djörf
- B. heiðarleg
- C. metnaðargjörn
- D. sjálfsánægð

48. „Ég er ekki að reyna að vera skáldleg þegar ég segi þetta ...“

Um hvað er stúlkan að tala?

- A. Hvað henni líður vel á Ísafirði.
- B. Hvernig hún kæmist í keppnisliðið.
- C. Hvernig mamma hennar fannst.
- D. Hvernig ævi móður hennar hefur breyst.

49. Af hverju gengu sögur um móður stúlkunnar?

- A. Enginn vissi hvaðan hún kom.
- B. Hún hafði komið utan úr geimnum.
- C. Hún hafði leikið í sápuóperu.
- D. Það höfðu birst greinar um hana.

50. Til hvers fór stúlkan á Landsbókasafnið?

- A. Hún trúði ekki orðum pabba síns.
- B. Hún var óörugg um framtíðina.
- C. Til að kynnst mömmu sinni betur.
- D. Til að skoða gamlar bækur.

51. „Þar voru alls konar kenningar um hver hún væri ...“

Samheiti við undirstrikaða orðið er ? .

- A. aðferðir
- B. hugmyndir
- C. sögusagnir
- D. umræður

52. Hvers vegna valdi móðirin sér nafnið sem hún bar?

- A. Hún vildi skipta um nafn.
- B. Pabbanum þótti það fallegt.
- C. Vegna uppruna síns.
- D. Það var algengt nafn á Ísafirði.

53. Hvers vegna hjólaði stúlkan út úr bænum?

- A. Hún átti þangað erindi.
- B. Hún hafði ráðgert það.
- C. Hún vissi það ekki sjálf.
- D. Hún þarfnaðist hreyfingar.

54. Í síðustu línum textans er gefið í skyn að ___?

- A. annar heimur taki við hjá stúlkunni
- B. móðir stúlkunnar hafi kallað til hennar
- C. stúlkan hafi vitað að hún væri ekki af þessum heimi
- D. stúlkan muni ekki eiga afturkvæmt

55. Textinn er um stúlku sem ___?

- A. erfitt er að taka mark á
- B. flytur oft milli staða
- C. hefur yfir sér dulúð
- D. kýs að vera sem mest ein